

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Vallahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Vallahrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:		kr.
Íbúðir í þéttbýli	sorphirðugjald	5.500
Íbúðir í dreifbýli	sorpeyðingargjald	2.500
Sumarbústaðir	–	1.500
Fyrirtæki flokkur 1	–	5.000
– 2	–	15.000
– 3	–	30.000
– 4	–	60.000
– 5	–	120.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Vallahrepps, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 30. júní 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Kópavogi.

1. gr.

Kópavogsbær annast sorphirðu í Kópavogi samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirða fram undir stjórn tæknideildar Kópavogsbæjar og eftirliti heilbrigðisfulltrúa. Kópavogsbær getur falið verktökum að annast innsöfnun á úrgangi í Kópavogi.

2. gr.

Verktakar sem annast innsöfnun úrgangs, sbr. 1. gr., skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Kópavogi er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.